

59
16. maí

Auglýsing

Í framhaldi af auglýsingu frá 12. þ. m., auglýsist hjermeð, að þess má vænta, að útflutningsleyfi verði einnig veitt á meðalalýsi.

Í stjórnarráði Íslands, 16. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

60
19. maí

Reglugjörð

**um breyting á hafnarreglugjörð fyrir Isafjarðarkaupstað
frá 20. júlí 1917.**

Við I kafla, 1. málgr. imf.
Í stað »15« komi 20.

Reglugjörð þessi staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. júní 1919.

Í stjórnarráði Íslands, 19. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

61
20. maí

Reglugjörð

**um breyting á fjárskilareglugjörð 22. júlí 1916 fyrir hreppana
milli Þjórsár og Hvítár (Ølfusár) í Árnæssýslu.**

Aftan við 47. gr. bætist:
Á fjallskilafundum ár hvert skal kjósa 2 dilkstjóra fyrir hvert dilkfelag.
Dilkstjórar þessir hafa á hendi nákvæmt eftirlit með allri fjársölu og viðskiftum manna í rjettunum.

Öllum þeim, sem versla með sauðfje í rjettum á einhvern hátt er skylt að gera það undir eftirliti hlutaðeigandi dilkstjóra. **61**
20. maí

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 20. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.

Reglugjörð

62
20. maí

um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, rjettahöld, grenjaleitir o. fl vestan Hvitár og Öltusár 6. ágúst 1909.

1. Í stað 13. gr. komi ný grein svohljóðandi:

Allir fjáreigendur í hreppunum eru skyldir að reka allan fjenað sinn til afrjettar á sumrum nema nautgripi, tamin hross og fráferðar ær. Þó er mönnum heimilt að hafa annan fjenað heima, ef þeir hafa sauðhelda girðingu fyrir hann á sínu landi. Hreppsnefnd getur veitt einstökum mönnum undanþágu frá þessari rekstrarskyldu.

2. 18. gr. breytist þannig:

Í stað orðanna: »Í Grímsness- og Laugardalshreppum, þriðjudaginn« — komi: Afrjettarfje Grímsness og Laugardalshrepps skal rjetta á Laugarvatnsvöllum þriðjudaginn í 22. viku sumars, og Grímsnessfje í Klausturhólarjett meðvikudaginn í sömu viku; »rjetta skal«.

3. 31. gr. breytist þannig:

Á eftir orðinu: »Þingvalla«, komi: Laugardals — Grímsness — og. Orðin: »En úr Grímsness — í byð« falli burtu.

4. Í stað 45. gr. komi ný grein svohljóðandi:

»Brot móti reglugjörð þessari varða sektum 10—200 kr. Uppljóstrarmenn eiga heimtingu á $\frac{1}{4}$ sektar, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brotið er framið í. Ef brotið er framið í afrjetti skal líta svo á sem það sje í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrjetti.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1919.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins 20. maí 1919.

Sigurður Jónsson.

Oddur Hermannsson.